



**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/1034**  
**komudagur 11.2.2014**

**SÉRSTAKUR SAKSÓKNARI**  
*Skv. lögum nr. 135/2008*

Reykjavík 11. 1. 2014.  
*Tilvísun nr. 201402-0033.*

Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Með tölvubréfi dagsettu 2. febrúar sl. fór allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fram á umsögn embættis sérstaks saksóknara um skýrslu innanríkisráðherra um skipulag og tilhögun rannsókna og saksóknar í efnahagsbrotamálum, mál nr. 283.

Undirritaður sérstakur saksóknari hefur kynnt sér skýrsluna en hún hefur að geyma greinargóða lýsingu á stöðu rannsókna og saksóknar í efnahagsbrotamálum í víðum skilningi. Nefndin setur síðan fram tvær megingintillögur um framtíðartilhögun í þessum málaflokki, annars vegar með því að starfsemi embætta sérstaks saksóknara og skattrannsóknarstjóra verði sameinuð og hugsanlega einnig verkefni frá ríkissaksóknara eða að nýtt embætti taki til starfa á grunni embættis sérstaks saksóknara auk þess sem starfsemi peningaþvættisskrifstofu, sem er í dag innan embættis ríkislögreglustjóra, verði flutt yfir á nýtt embætti. Loks yrði stofnuð sérstök eining til vinna að upptöku á ólögnum ávinningi af brotastarfsemi (asset recovery) en sú tilhögun á við báðar megingintillögur skýrslunnar. Að auki eru tíundaðir aðrir kostir svo sem sameining við önnur lögreglulið og fleiri leiðir í 10. kafla skýrslunnar. Ekki liggur fyrir ákvörðun innanríkisráðherra um það hvaða leið verður farin og því hefur ekkert lagafrumvarp verið lagt fram.

Undirritaður tekur undir niðurstöður skýrslunnar og telur að valið standi fyrst og fremst um þessar tvær meginleiðir. Þeir kostir séu álitlegastir þótt eðlilega séu aðrir kostir líka reifaðir í skýrslunni. Meðferð efnahagsbrota- og skattamála eiga vel saman og slík mál geta tengst, t.d. getur rannsókn beinst að sömu aðilum vegna skattamáls annars vegar og auðgunarbrotis hins vegar. Ber hér í því sambandi að nefna að tilkynningum skiptastjóra skv. 84. gr. gjaldþrotaskiptalaga er beint til sérstaks saksóknara en eru oft í reynd tilkynning um vanskil á vörslusköttum. Einnig þarf að huga að réttarörygginu og stuðla að einsleitri málsmeðferð og gæta þess að aðilum verði ekki gert að fella á sig sök á stjórnslustigi varðandi sakarefni sem síðar kann að verða beint að þeim í refsímál auk þeirra sjónarmiða að aðilum verði ekki gerð refsing nema einu sinni (in bin nes bidem).

Í tilefni af skýrslunni er rétt að áréttta sérstaklega nauðsyn þess að rannsóknir og eftir atvikum saksókn efnahagsbrota sé á hendi sömu stofnunar. Með þeim hætti er flæði upplýsinga og skilvirkni í meðferð máls best tryggð og meiri líkur eru á því að öll meðferð málsins verði ein samfelld heild. Það fyrirkomulag á sér einnig samsvörun á öllum Norðurlöndunum sbr. 3. kafla skýrslunnar og er þá sérstaklega horft til Noregs (Ökokrim). Einnig þarf að búa þannig að breytingunni að sú sérfræðipækking og reynsla sem til staðar er nú á embætti sérstaks saksóknara flytjist yfir í hina nýju stofnun og þar

með verði engir hnökrar á framgangi þeirra efnahagsbrotamála sem á því tímamarki verða til rannsóknar, í ákærumeðferð eða dómsmeðferð. Öllu skiptir í þeim efnum að ákvarðanatöku um nýtt fyrirkomulag verði flýtt eftir því sem kostur er til að eyða allri óvissu og lágmarka þar með áhrifin af yfirfærslunni á þau mál sem eru til rannsóknar og fyrir dómi. Tryggja þarf framgang þeirra mála og að ekki verði neinar tafir á vegna breytinga á skipan rannsókna og saksóknar í efnahagsbrotamálum. Að öðru leyti er ekki tekin frekari afstaða til þeirra kosta sem eru í boði samkvæmt skýrslunni en lögð áherslu á að sú stofnun sem á að sinna þessu verkefni til framtíðar hafi þann styrk og mannafla að geta ráðið við stór verkefni á sviði efnahagsbrota þannig að slík mál verði til lykta leidd á sem skemmstum tíma. Lítil og veikburða stofnun kemur þar ekki til greina í ljósi reynslunnar enda ljóst að í þessum málum er að jafnaði haldið uppi öflugum vörnum og talsverðan mannafla, þekkingu og reynslu þarf til að klára bæði rannsóknir þeirra og eftir atvikum að fylgja málum eftir fyrir dómi. Einnig þarf að huga að því að hin nýja stofnun þarf að falla vel að þeirri nýju skipan lögreglu sem boðuð er með nýju frumvarpi til breytingar á lögreglulögum.

Sérstakur saksóknari tekur undir og vekur athygli á hugmyndum um samráðsvettvang stofnana sem koma að rannsóknum efnahagsbrotamála sem greint er frá á bls. 11 og 12 í skýrslunni og telur slíkt fyrirkomulag muni hafa jákvæð áhrif á samræmda meðferð þessara mála auk þess sem lögskipað samstarfs sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 1. gr. laga um embætti sérstaks saksóknara hefur gefið góða raun og lagt grunn að jákvæðum samskiptum á milli stofnana. Með því verði einnig skerpt á yfirsýn yfir þessa starfsemi á vegum ríkisins og stuðlar að samsvarandi framkvæmd stofnana.

Að lokum vill sérstakur saksóknari bjóða allsherjar- og menntamálanefnd á kynningarfund á embætti sérstaks saksóknara við hentugleika svo nefndarmenn fái frá fyrstu hendi upplýsingar um starfsemi embættisins og þannig verði stuðlað enn frekar að upplýstri ákvarðanatöku um það hvaða form henti best rannsóknum og saksókn í efnahagsbrotamálum.

Sérstakur saksóknari,

Ólafur Þ. Hauksson.

